

Fyrirspurn

til umhverfísráðherra um vikurnám við Snæfellsjökul.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve mikill vikur var numinn við Snæfellsjökul á árunum 1999 og 2000?
2. Er slíkt nám háð sérvinnsluleyfum, og ef svo er, hvaða leyfi lágu til grundvallar starfseminni?
3. Hefur farið fram umhverfismat á námuvinnslunni við Jökulinn?
4. Verður frekari starfsemi leyfð á námusvæðunum við Jökulinn án undangengins umhverfismats?
5. Hefur fyrirhuguð stofnun þjóðgarðs áhrif á meðferð ráðuneytisins á leyfum til námuvinnslu við jaðra svæðisins?